

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudaginn 10 ágúst 2018.



9. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Daníel Arnarsson og Elín Oddný Sigurðardóttir rituðu fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Una Hildardóttir, Edward H. Huijbens, Ingibjörg Þórðardóttir, Valgerður Bláklukka (UVG), Þóra Elfa (EVG), Einar Bergmundur, Daníel E. Arnarsson, Anna Líska (skrifstofa), Björg Eva (skrifstofa), Bergþóra Benediktsdóttir (aðstoðarkona Katrínar), Álheiður Ingadóttir.

Fundur settur kl. 15.11.

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð lögð fram

Fundargerð stjórnarfundar 11 júní 2018 lög fram og hún samþykkt samhljóða

2. Stjórn málaástandið

Katrín Jakobsdóttir fer yfir stjórn málaástandið og það sem er á döfinni. Umræður meðal stjórnarfólks um stöðuna í samfélaginu.

Álfheiður Ingadóttir vék af fundi kl. 16.00.

Elín Oddný Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum 16.30 og tekur við ritun fundargerðar.

3. Veiðigjöld og sjávarútvegsstefna VG

Katrín Jakobsdóttir fer yfir veiðigjaldamálið, aðdraganda og næstu skref. Umræður um sjávarútvegsstefnu VG og hvernig best sé að útfæra hana og koma henni sem mest til framkvæmdar.

4. Greining á stöðu VG

Björg Eva fer yfir tilboð sem borist hafa vegna fyrr ákvörðunar stjórnar um að greina nánar stöðu VG. Lagt er til að framkvæmdar verði tvær kannanir, sú fyrri í haust og sú seinni næsta vor. Lagt er til að slíkt stöðumat yrði gerð bæði meðal félagamönnum í VG og annarra. Tilboðið frá Gallup hljómar upp á 2,5 milljónir á árinu 2018. Samþykkt að taka tilboði Gallup. Markmiðið er að niðurstöður fyrri könnunar verði kynntar á flokksráðsfundi í október. Mikilvægt að það liggji skýrt fyrir hvernig nýta eigi niðurstöðurnar í framhaldinu.

5. Flokksráðsfundur í Október.

Edward Huijbens kynnrir flokksráðsfund sem haldinn verður í Kópavogi 12-13 október nk, dagsetning er valin í samráði við sveitarstjórnarráðið. Flokksráðsfundur á Höfn verður haldinn við síðara tækifæri. Auk þess að kynna og vinna áfram með niðurstöður könnunarinnar þarf að hefja undirbúning málefnavinnu fyrir næsta landsfund. Hópurinn sem vinnur að endurskoðun aðgerðaráætlunar VG gegn einelti og kynferðislegu ofbeldi getur einnig lagt fram drög að breytingum á næsta flokksráðsfundi.

6. Næsti fundur stjórnar

Lagt til að næsti stjórnarfundur 7. sept verði á Akureyri vegna LÝSU, fundar fólksins. Skrifstofu er falið að kanna flöt á því að færa fundinn og mun kanna hug stjórnarmanna til tillögunnar.

7. Sveitarstjórnarráð, ný stjórn og starfsemin framundan.

Fyrsti fundur nýs sveitarstjórnarráðs var haldinn 23. júní. Bjarni Jónsson er nýkjörin formaður sveitarstjórnarráðs, Sóley Björk Stefánsdóttir varaformaður. Auk þeirra skipa Bjarki Jónsson, Margrét Júlía Rafnsdóttir, og Herglind Häsler stjórn sveitarstjórnarráðs. Líf Magneudóttir og Sæmundur Helgason eru varamenn í stjórn. Fyrstu verkefni verða að móta starfsreglur fyrir sveitarstjórnarráð. Fundaráætlun fyrir veturinn hefur verið lögð fram og samþykkt.

8. Persónuverndarlög

Ný persónuverndarlög leggja miklar kvaðir á stjórnmalahreyfingar. Lagt til að Anna Lísu Björnsdóttir verði persónuverndarfulltrúi VG, tillagan samþykkt.

9. Starfsmannamál VG

Þann 15. ágúst snýr Bjarki Þór Grönfeldt aftur til starfa á skrifstofu VG. Starfsmenn skrifstofu verða þá orðnir tveir ásamt framkvæmdastjóra.

10. Fjármál stjórnmalaflokka

Björg Eva hefur komið að undirbúningu á breytingu á lögum um fjármál stjórnmalaflokka. Auk þeirrar vinnu er unnið sameiginlega gegn hatursorðræðu. Frumvarp verður lagt fram á haustþingi. Samráðsvettvangur framkvæmdastjóra stjórnmalaflokkanna mun þó starfa áfram að ýmsum brýnum verkefnum.

Valgerður Bláklukka vîkur af fundi kl. 18.19.

11. Kosningauppgjör og fjárhagsstaða VG.

Björg Eva fer yfir stöðuna á fjármálum hreyfingarinnar.

12. Önnur mál:

- a. Afmæli VG – 20 afmæli í febrúar á næsta ári. Afmælisnefndin hefur fundað og hafið undirbúning afmælishátíðar. Drög að dagskrá verður tilbúin á næsta fundi stjórnar þann 7. september.
- b. Einar Bergmundur Leggur til að stofnaður verði sérstakur netvettvangur yrir stjórnina. Tillagan samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.28.

Næsti fundur verður föstudaginn 7. september.